



Fundargerð

- Efni :** 228. stjórnarfundur Lagnafélags Íslands.
- Fundarstaður:** Orkustofnun.
- Dagsetning:** 25. 02. 2013
- Tími:** 15:50
- Fundarmenn:** Guðni A Jóhannesson (GAJ), Kristján Ottósson (KO), Steinar Gíslason (STG), Benedikt Jónsson (BJ).
- Boðuð forföll:** Einar H Jónsson (EHJ), Þór Gunnarsson (ÞG), Grétar Leifsson (GL), Kristján Kristjánsson (KK).
- Gestir:** Sigurður Guðmundsson (SG), Þórir Guðmundsson (ÞG) og Sveinn Áki Sverrisson (SÁS).

Fyrir fundinum lá dagskrá í 7 liðum.

- 1. Setning fundarins, Guðni A Jóhannesson formaður.**

GAJ setti fundinn kl. 15:53.
- 2. Fundargerð 226 frá 18. desember 2012 og fundargerð 227 frá 15 janúar 2013.**

GAJ fór yfir fundargerðir 226 og 227 og bar þær upp til samþykktar. Voru þær samþykktar án athugasemda.
- 3. Gestir fundarins voru Sigurður Guðmundsson (SG), Þórir Guðmundsson (ÞG) og Sveinn Áki Sverrisson (SÁS).**

GAJ bauð gestina velkomna.
- 4. Fréttabréf 118 er komið út.**

Aðeins var minnst á kynjakvóta og haft á orði að hlutur kvenna væri heldur rýr. Annars voru fundarmenn ánægðir með Fréttabréfið.
- 5. Lagnafréttir 41 bíður prentunar vegna auglýsinga.**

Fundarmenn sáu próförk af Lagnafréttum 41 og leist vel á.
- 6. Lagnakerfamiðstöð Íslands, framhald umræðu.**

Í byrjun umræðu um LKÍ, kom fram að 14. 02. 2013 hefði fagrað LKÍ átt stuttan fund með skólastjórum Tækniskólans. Þar var rætt um stöðu LKÍ og viðhorf Tækniskólans til LKÍ. Í framhaldi af þessum fundi, settu þeir ÞG og SÁS niður tillögur um næstu skref (sjá meðfylgjandi skjal), en þeir eru fulltrúar Lagnafélags Íslands í fagraði LKÍ. GAJ bað þá félagi, ÞG og SÁS að fara yfir tillögur sínar sem eru í þremur liðum. Eftir kynningu þeirra og umræður lögðu þeir til að farin yrði leið 3 í tillögum þeirra.



Iðan kemur mikið upp í umræðum um LKÍ, sem rekstraraðili og er sennilega sá aðili, sem helst gæti haldið úti þeirri starfsemi sem hugmyndir um LKÍ byggjast á. SG spurði hvort Lagnafélagið gæti gerst aðili að Iðunni og hefði þá betri að gang að þessum málum. Ekki kom nein niðurstaða við þeirri fyrirspurn

Í umræðunum var komið inn á mögulegar hugmyndir Tækniskólans að selja húsnæði LKÍ. En það eru ekki raunhæfar hugmyndir, þar sem Orkustofnun er eigandi lóðarinnar.

SG kom fram með hugmynd um að fá erlenda aðilla til að halda hér lagnanámskeið. Þetta er eflaust framkvæmanlegt en væri afturför og ekki lausn á stöðu LKÍ.

Ákveðið hefur verið að fagrað LKÍ haldi annan fund í Lagnakerfamiðstöðinni í byrjun mars og fá þá til fundar alla skólastjóra Tækniskólans, skólastjóra Iðnskólans í Hafnarfirði, fulltrúa frá Iðunni og Borgarholtsskóla á þann fund og ræða þessi mál nánar og þá eflaust með hliðsjón af tillögum ÞG og SÁS.

7. Önnur mál.

Ekkert var borið upp undir þessum lið.

Fleira var ekki rætt og sleit GAJ fundi kl. 16:50.

Steinar Gíslason ritari.